

Launaútreikningur

Þorgerður er nýútskrifaður bifvélavirki. Hún var að byrja að vinna hjá Bílaviðgerðum sf. Njáll er eigandi fyrirtækisins og hefur starfað einn um áratugabil. Nú þarf Njáll að fara að reikna út laun Þorgerðar.

- Þorgerður er með 355.000 kr. í mánaðarlaun.
- Yfirvinnukaup er yfirleitt 1% af heildarlaunum. Hún er með 3.550 kr. í yfirvinnukaup á tímann.
- Reiknað er 10,17% í orlof af mánaðarlaunum með yfirvinnu.
- Lífeyrissjóður er 4% af heildarlaunum.
- Stéttarfélagsgjald er 1% af heildarlauninum.
- Til að reikna út skattinn þarf fyrst að draga lífeyrissjóðinn af heildarlauninum og síðan taka 36,94% af þeirri upphæð.
- Persónuafslátturinn er 52.907 kr. og dregst frá.
- Síðan er lífeyrissjóður, stéttarfélagsgjald og skatturinn lagður saman.
- Þá er sú upphæð dregin frá heildarlauninum og útkoman er útborguð laun.

Til umhugsunar:

Útbúðu einnig launaseðil fyrir Þorlák og nýttu þær upplýsingar sem gefnar eru hér að ofan. Kjörið er að vinna þetta verkefni í töflureikni (excel).

Þorlákur var að útskrifast sem hjúkrunarfræðingur. Hann er með 359.000 kr. í mánaðarlaun. Yfirvinnukaupið hans er 1% af heildarlaunum. Reiknaðu út hvað hann fær útborgað.

- Skatthlutfall í staðgreiðslu

Skatthlutfall í staðgreiðslu er

- 36.94% af tekjum 0 - 834.707 kr.
- 46,24% af tekjum yfir 834.707 kr.

Persónuafsláttur

Persónuafsláttur er 634.880 kr. á ári, eða 52.907 kr. á mánuði.

Heimilt er að nýta allan (100%) ónýttan persónuafslátt maka á árinu 2017.

Einn mánuður	kr.	52.907
Hálfur mánuður	kr.	26.453
Fjórtán dagar	kr.	24.352
Ein vika	kr.	12.176

Launaseðill

Fyrirtækið ehf.

Heimilisfang Kennitala	Launatímabil: 1.10 – 31.10
Nafn launþega Heimili Póstnr. Kt. launþega	Dagsetning: 1. 11 2017
	Samtals laun:
	Samtals frádráttur:
	Útborguð laun: <input type="text"/>

Launaliðir	Tímar	Taxti	Launaupphæð
Mánaðarlaun	1	355.000	
Yfirvinna	18	3.550	
Orlof		10,17%	
Samtals launaliðir:			

Frádráttarliðir	Tímar	Taxti	Frádráttarupphæð
Lífeyrissjóður		4%	
Stéttarfélagsgjald		1%	
Staðgreiðsla skatta		36,94%	
Samtals frádráttarliðir:			

Staðgreiðslustofn er kr. _____ en frá honum dregst lífeyrissjóðsframlag launþega kr. _____. Staðgreiðslustofn lækkar því í kr. _____ og af honum reiknast 36,94% skattur, sem gerir kr. _____. Á móti kemur persónuafsláttur upp á kr. 52.907. Staðgreiðsla verður því kr. _____.

Launaseðill - lausnir

Fyrirtækið ehf.

Heimilisfang	Launatímabil:	1.10 – 31.10
Kennitala	Dagsetning:	1. 11 2017
Nafn launþega <i>þorgerður</i>	Samtals laun:	425.399
Heimili	Samtals frádráttur:	119.220
Póstnr.	Útborguð laun:	306.179
Kt. launþega		

Launaliðir	Tímar	Taxti	Launaupphæð
Mánaðarlaun	1	355.000	1* 355.000 = 355.000
Yfirvinna	18	3.550	18* 355.000 = 63.900
Orlof		10,17%	0,1017 * 63.900 = 42.602
Samtals launaliðir:			461.502

Frádráttarliðir	Tímar	Taxti	Frádráttarupphæð
Lífeyrissjóður		4%	0,04 * 461.502 = 18.460
Stéttarfélagsgjald		1%	0,01 * 461.502 = 4.615
Staðgreiðsla skatta		36,94%	* = 110.579
Samtals frádráttarliðir:			133.834

*Staðgreiðslustofn er kr. 461.502 en frá honum dregst lífeyrissjóðsframlag launþega kr. 18.460. Staðgreiðslustofn lækkar því í kr. 443.042 og af honum reiknast 36,94% skattur, sem gerir kr. 163.666. Á móti kemur persónuafsláttur upp á kr. 52.907. Staðgreiðsla verður því kr. 110.579.

Launaseðill - lausnir

Fyrirtækið ehf.

Heimilisfang
Kennitala

Nafn launþega *Þorlákur*
Heimili
Póstnr.
Kt. launþega

Launatímabil:	1.10 – 31.10
Dagsetning:	1. 11 2017
Samtals laun:	466.702
Samtals frádráttur:	135.932
Útborguð laun:	330.770

Launaliðir	Tímar	Taxti	Launaupphæð
Mánaðarlaun	1	359.000	1 * 359.000 = 359.000
Yfirvinna	18	3.590	18 * 3.590 = 64.620
Orlof		10,17%	0,1017 * 426.620 = 43.082
Samtals launaliðir:			466.702

Frádráttarliðir	Tímar	Taxti	Frádráttarupphæð
Lífeyrissjóður		4%	0.04 * 466.702 = 18.668
Stéttarfélagsgjald		1%	0,01 * 466.702 = 4.667
Staðgreiðsla skatta		36,94%	* = 112.597
Samtals frádráttarliðir:			135.932

*Staðgreiðslustofn er kr. 466.702 en frá honum dregst lífeyrissjóðsframlag launþega kr. 18.668. Staðgreiðslustofn lækkar því í kr. 448.034 og af honum reiknast 36,94% skattur, sem gerir kr.165.503. Á móti kemur persónuafsláttur upp á kr. 52.907. Staðgreiðsla verður því kr. 112.597.